

- 5 Erlendur ríkisborgari, er hlotið hefur stórriddarakross, skal að jafnaði skila 23. jan. krossinum aftur, verði hann sæmdur stjörnu stórriddara.
Ákvæði þessi gilda gagnvart borgurum ríkja, er þúa við svipaðar reglur.
Greinatala fyrrnefnds forsetabréfs breytist samkvæmt framansögðu.

Ritað í Reykjavík, 23. janúar 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

6
2. febr.

L Ö G

um tekjuskattsviðauka árið 1948.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1948 leggja á tekjur ársins 1947 skattaauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.

Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000, greiðast 2%.

Af	9— 10 þús. kr. greiðist	20 kr. af	9 þús. og	4 % af afgangi.
— 10— 12 — — —	— — —	60 — —	10 — —	5 % — —
— 12— 14 — — —	— — —	160 — —	12 — —	6 % — —
— 14— 17 — — —	— — —	280 — —	14 — —	7 % — —
— 17— 20 — — —	— — —	490 — —	17 — —	8 % — —
— 20— 25 — — —	— — —	730 — —	20 — —	9 % — —
— 25— 30 — — —	— — —	1180 — —	25 — —	10 % — —
— 30— 40 — — —	— — —	1680 — —	30 — —	11 % — —
— 40—100 — — —	— — —	2780 — —	40 — —	12 % — —
— 100—125 — — —	— — —	9980 — —	100 — —	10 % — —
— 125—150 — — —	— — —	12480 — —	125 — —	7 % — —
— 150—200 — — —	— — —	14230 — —	150 — —	5 % — —
— 200 — — —	— — —	16730 — —	200 — —	— — —

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. febrúar 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.